

Líf í fullkomnum heimi

Si vis pacem, para pacem. (Hlúa skal að friði ef friðar er óskað.)

Málefni	Friður og ofbeldi, heilbrigði, umhverfismál
Þyngdarstig	Stig 3
Hópstærð	15–30
Tími	90 mínútur
Yfirlit	Þetta verkefni hefst með spurningakeppni um málshætti og spakmæli sem endurspeglar ýmis sjónarmið um frið og fær þátttakendur þar með til að hugleiða: <ul style="list-style-type: none"> • Hvað felst í hugtakinu „friður“. • Líf í sátt við sjálfan sig, í sátt við aðra og í sátt við umhverfið. • Friðsamlega hegðun.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til friðar. • Rétturinn til lífsins. • Rétturinn til heilsusamlegs umhverfis.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að skynja hvernig friður er háður því að hann ríki hvarvetna. • Að ræða ýmsar merkingar friðarhugtaksins og hvernig það snertir daglegt líf manna. • Að stuðla að virðingu, samstöðu og ábyrgð.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Ein stór pappírsörk (A3) eða flettistöflupappír. • Merkipennar í ýmsum litum. • Spurningablöð og pennar, eitt sett fyrir hvern hóp. • Ábendingar um umræðuefni, eitt eintak á hóp. • Ljósrit af kassa 1 og kassa 2, eitt eintak á hóp. • Ljósrit af óútfylltu friðarhjólí og spurningarblaði. Eitt eintak fyrir hvern hóp.
Undirbúningur	• Ljósritaðu friðarhjólí í kassa 1 á stóra pappírsörk. Stækkaðu það eins mikið og hægt er.

Leiðbeiningar

Þetta verkefni er tvískipt: 1. hluti, hringurinn fylltur út (25 mínútur); 2. hluti, umræður um frið (30 mínútur).

1. hluti, hringurinn fylltur út (25 mínútur)

1. Kallaðu alla þátttakendur saman og sýndu þeim ljósritið af óútfyllta friðarhjólínu eða hringnum. Bentu á hvernig það skiptist í líf í sátt við sjálfan sig, líf í sátt við aðra og líf í sátt við náttúruna. Segðu þeim að þegar búið sé að fylla hringinn út tákni hann fullkominn frið. Til að fylla hann út þurfa þátttakendur að finna „orð hins algilda sannleika“, tuttugu og eitt að tölu, sem tengjast hvert sínu friðarsviði. Þessi orð er að finna í spakmælum og málsháttum hvaðanæva að úr heiminum.

MÁLEFNI



FRIDUR OG OFBELDI



HEILBRIGÐI



UMHVERFISMÁL

ÞYNGDARSTIG



STIG 3

HÓPSTÆRÐ



15–30

TÍMI



90 MÍNÚTUR

2. Segðu þátttakendum að skipta sér í þrjá hópa og fáðu þeim penna og eintak af hringnum og spurningablaðinu. Bentu þeim á að þeir eigi að finna orðin sem vantar í málshættina. Þau eru vísbendingar um þau gildi sem friðarhringurinn byggist á.
3. Að því loknu skaltu kalla alla þátttakendur saman. Segðu þeim að lesa upp máls-hættina sem búið er að útfylla, einn í senn. Gættu þess að þeir hljóði rétt og segðu þeim sem les upp að skrifa viðkomandi orð með merkipenna á stóra ljósritið af friðarhringnum.
4. Þannig er gengið á röðina þar til allir málshættirnir hafa verið lesnir og friður ríkir.

2. hluti, umræður um frið (30 mínútur)

1. Segðu þátttakendum að skipta sér aftur í hópana þrjá. Afhentu þeim ábendingarnar um umræðuefni, hver hópur fær eitt eintak. Segðu þeim að ræða saman um spurningarnar og hafa jafnframt til hliðsjónar þau gildi sem tengjast viðkomandi sviði á friðarhjólinu. Hver hópur skal reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu og vera reiðubúinn til að gera grein fyrir umræðum sínum.
2. Að lokum skaltu kalla alla þátttakendur saman og biðja hvern hóp að gefa skýrslu.

Samantekt og mat

Ræðið um friðarhringinn og almenna skírskotun þeirra gilda sem eru til umfjöllunar. Takið síðan 2. hluta verkefnisins til skoðunar.

1. hluti.

- Var erfitt að finna orðin sem vantaði? Hve marga málshætti eða orðatiltæki þekktu þátttakendur? Eru þeir í raun „spakmæli“ sem eiga við um líf manna nú á dögum?
- Tákna orðin í innsta hringnum almenn lífsgildi? Skipta þau jafnmiklu máli innan allra menningarheima? Hver þeirra eru mikilvægust í ykkar menningarheimi?
- Eru til einhver önnur mikilvæg gildi sem ekki hefur verið getið um?

2. hluti. Fulltrúi hvers hóps er beðinn að gefa stutt yfirlit yfir umræðuefnin sem hann fékk. Síðan eru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir hvern og einn.

- Var auðvelt að komast að samkomulagi um öll umræðuefnin?
- Hvaða spurning var mótsagnakenndust? Hvers vegna?
- Hvaða skoðun hafa þeir á ágreiningsefninu?
- Hvers vegna hefur fólk mismunandi viðhorf til friðarmála?
- Fólk tengir oft umræðuna um innri frið við trúarbrögð. Hvers vegna?
- Þarf fólk að vera trúað til að hafa öðlast þau lífsgildi sem veita innri frið?
- Hvernig tengjast umræðuefnin mannréttindum?
- Er friður nauðsynleg forsenda þess að mannréttinda sé hvarvetna gætt, eða verður fólk að virða mannréttindi til að geta lifað í sátt og samlyndi?

Ábendingar til leiðbeinanda

Nánari upplýsingar um umfjöllunarefni þessa verkefnis er að finna í ítarefninu um frið og ofbeldi. Hægt er að nýta sér þær til að stýra umræðum á sameiginlegum fundi þátttakenda.

Lykildagsetning

21. júní

Alþjóðadagur friðar og bænahalds

Reynt skal að sýna fram á hvernig friðarsviðin þrjú tengjast innbyrðis. Ástæðulaust er að óttast ágreining; þetta efni er í eðli sínu umdeilanlegt. Skoða þarf rökin með og á móti málum og leggja áherslu á að þau séu ekki annaðhvort svört eða hvít, að ekki sé um nein afdráttarlaus svör að ræða.

Ef þátttakendur eru fleiri en átján talsins er best að skipta þeim niður í helmingi fleiri hópa, hafa þá sex í stað þriggja. Þá þarf að taka fleiri ljósrit af efniviðnum!

Tilbrigði

Allur hópurinn getur unnið fyrsta hlutann, þ.e. fyllt út hringinn, í sameiningu. Leiðbeinandinn les þá málshættina upphátt, einn í senn, og biður um tillögur um þau orð sem vantar. Ef svona er farið að er best að skrifa orðin beint á stóra spjaldið og taka ljósrit af hjólinu fullgerðu, sem þátttakendur geta síðan notað í 2. hluta verkefnisins.

Tillögur um framhald

Að fenginni þeirri innsýn sem verkefnið veitir kann hópinn að langa til að ræða erfið atvik úr eigin lífi og finna leiðir til að takast á við persónulegt ofbeldi. Sjá verkefnið „Ofbeldi í lífi mínu“ á bls. 190.

Einnig kann þátttakendur að langa til að hugleiða nánar listina að lifa í sátt við náttúruna og vinna verkefnið „Lífsvefurinn“ á bls. 162.

Nánari upplýsingar

Hugmyndin að friðarhjólinu sem notað er í þessu verkefni er komin frá Pierre Weil, „El Arte de Vivir en Paz, Hacia una nueva conciencia de Paz“, Errepar, Argentínu, 1995. „El arte de vivir en paz, hacia una nueva conciencia de paz“ merkir á íslensku „listin að lifa friðsælu lífi og öðlast nýja friðarvitund“.

Hægt er að túlka friðarhringinn á marga vegu. Eftirfarandi atriði geta komið að gagni í umræðum um hann:

Í miðju hringins býr óendanleikinn, þar er hvorki upphaf né endir.


Öll orðin innst í hringnum tákna lífsgildi og hegðun eða ástand sem ætti að ríkja á samsvarandi sviðum lífsins. Ef við eigum til dæmis að geta lifað í sátt við aðra og við samfélagið verður að ríkja sátt á efnahagssviðinu og í félags- og menningarlífi okkar.

Líkami, sál og tilfinningar er það sem máli skiptir fyrir „sjálfið“ og innri frið okkar. Til að öðlast innri frið þarf visku og til að njóta kærleika þarf þolinmæði, samúð og gleði, og líkamlegt heilbrigði.

Þriðja friðarsviðið er umhverfið sem samsvarar því að lifa í sátt við náttúruna. Hér er um þrjú svið að ræða: við þurfum að afla okkur þekkingar, bera virðingu fyrir lífinu og lifa í sátt við umhverfið (hluti - náttúruna, tré, blóm, dýr o.s.frv.)

EFNI TIL DREIFINGAR

Friðarhjólið



Spurningablað

Geturðu fundið orðin sem vantar í eftirfarandi málshætti og tilvitnanir? Tilgreindu orðin og þá eru vísbendingarnar sem passa inn í friðarhringinn komnar!

Orðin sem þarf að finna eru: Fegurð, líkami, samúð, samstarf, ræktun, hagsæld, tilfinningar, umhverfi, þolinmæði, sátt, góð heilsa, einstaklingur, upplýsingar, gleði, réttlæti, þekking, lífið, kærleikur, hugur, virðing, félagslíf, samfélag, samstaða, aðalatriði, sannleikur, velferð og viska.

Svið 1. Reynslan er móðir _____.

Svið 2.

- Þar sem _____ ríkir er aldrei myrkur. (Málsháttur frá Búrúndí)
- _____ og þrjóska hafa undraverð áhrif því að erfiðleikar gufa upp og allar hindranir hverfa. (John Quincy Adams)
- Maðurinn kann að missa _____ úr hjarta sér, en Guð gerir það aldrei. (William Cowper)
- Ekki gefa nein loforð þegar _____ fyllir hjarta þitt; ekki svara bréfum þegar reiðin er við völd. (Kínverskur málsháttur)

Svið 3. _____ er gulli betri.

Svið 4. Efinn leiðir þig til _____. (Íranskur málsháttur)

Svið 5. Viljir þú öðlast virðingu verður þú að sýna sjálfum þér _____. (Spænskur málsháttur)

Svið 6. Að snerta jörðina er að lifa í _____ við náttúruna. (Oglala Sioux. Norður-Amerískur frumbyggji)

Svið 7. Fyrir _____ annarra, hversu brýn sem hún er, má enginn vanrækja eigin _____; með eigin _____ í huga skal stefna að settu marki. (Spakmæli búddatrúarmanna)

Svið 8. Stjórnun og _____ eru í einu og öllu lögmál lífsins; stjórnleysi og samkeppni eru lögmál dauðans. (John Ruskin)

Svið 9. a) _____ án visku er eins og blóm atað aur. (Rúmenskur málsháttur)

b) Fyrr eða síðar mun _____ koma í ljós. (Hollenskur málsháttur)

c) _____ að eilífu, _____ að eilífu, _____ að eilífu. Því að sameinuð stöndum við sterk. (Ralph Chaplin)

d) Þegar ofbeldi ryðst inn í húsið rýkur lögmæti og _____ upp um reykháfinn. (Tyrkneskur málsháttur)

Svið 10. _____ hugans verður að þjóna hjartanu. (Mahatma Gandhi)

Svið 11. Fjármunir eru gefnir til gagns, gefnir til að prýða heimilslífið, bæta _____ og styrkja þjóðlífið. (Páll Sigurðsson)

Svið 12. Engin dæmi eru um _____ þar sem dagnaðinn skortir. (Beaconsfield)

Svið 13. Láttu ekki blekkjast við fyrstu sýn, því að útlitið er ekki _____. (Enskur málsháttur)

Svið 14. Augnabliks þolinmæði getur komið í veg fyrir mikla ógæfu og augnabliks óþolinmæði getur lagt allt _____ í rúst. (Kínverskur málsháttur)

Svið 15. Hvar er viskan sem þekkingin hefur drekkt? Hvar er þekkingin sem _____ hafa drekkt? (T.S. Eliot)

Svið 16. Auðveldara er að beygja _____ en viljann. (Kínverskur málsháttur)

Svið 17. Fá _____ að blómstra fyllist lífið angan en sé á þeim traðkað eitra þær lífið. (Joseph Collins)

Svið 18. Skoðaðu með _____, hlustaðu með hjartanu. (Kúrdískur málsháttur)

Svið 19. Maðurinn mótar sjálfan sig í krafti ákvarðana sem móta _____ hans. (Rene Dubos)

Svið 20. Sérhvert hjarta er annað hjarta. Sérhver sál er önnur sál. Sérhvert andlit er annað andlit. _____ er blekk-
ingin mikla. (Margaurite Young)

Svið 21. Hægt er að dæma _____ eftir því hve mikið rusl er endurunnið þar. (Tahanie)

Ábendingar um umræðuefni

Ábendingar um umræðuefni:

Að lifa í sátt við sjálfan sig (hópur 1)

1. Hvaða merkir „að lifa í sátt við sjálfan sig“?
2. Hvað segjum við og gerum í daglegu lífi sem sýnir að við erum ósátt við sjálf okkur og búum ekki yfir innri friði?
3. Er tengsl milli líkama, sálar og tilfinninga? Hvers konar tengsl?
4. Hvernig er hægt að rækta með sér eiginleika sem stuðla að friði innra með okkur?
5. Er hægt að tengjast öðrum á jákvæðan hátt ef við búum ekki yfir innri friði?

Ábendingar um umræðuefni: Að lifa í sátt við aðra (hópur 2)

1. Búum við – sem manneskjur – yfir hæfileikanum til að lifa í sátt við aðra?
2. Má treysta því að við lifum í sátt við aðra á friðartímum, þegar ekki ríkir stríð?
3. Getum við reynt að vera friðsamari í umgengni við aðra í daglegu lífi? Hvernig?
4. Hvað vekur vonir um að friður ríki í heiminum í framtíðinni?
5. Er hægt að græða sár sem stríð hafa valdið þannig að fólk geti lifað í sátt og samlyndi á ný?

Ábendingar um umræðuefni:

Að lifa í sátt við náttúruna (hópur 3)

1. Virðir samfélagið umhverfið sem skyldi?
2. Hvað merkir að „lifa í sátt við náttúruna“?
3. Hverjum ber skylda til að huga að umhverfinu?
4. Hve margar styrjaldir verða háðar í framtíðinni um náttúruauðlindirnar (t.d. vatn), í samanburði við stríð af öðrum sökum (til dæmis vegna þjóðernis eða menningar- eða trúarágreinings)?
5. Teljið þið að listin að lifa í sátt við náttúruna skipti máli í leitinni að hinum fullkomna friði?

Svör við spurningunum

- Svið 1. Viska
Svið 2. a) Kærleikur
b) Þolinmæði
c) Samúð
d) Gleði
Svið 3. Góð heilsa
Svið 4. Þekking
Svið 5. Virðing
Svið 6. Sátt

- Svið 7. Velferð
Svið 8. Samstarf
Svið 9. a) Fegurð
b) Sannleikur
c) Samstaða
d) Réttlæti
Svið 10. Ræktun
Svið 11. Félagslíf
Svið 12. Hagsæld

- Svið 13. Aðalatriði
Svið 14. Lífið
Svið 15. Upplýsingar
Svið 16. Líkami
Svið 17. Tilfinningar
Svið 18. Hugur
Svið 19. Umhverfi
Svið 20. Einstaklingur
Svið 21. Samfélagið

Friðarhjól, lokagerð

